

Tillaga til þingsályktunar

um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Flm.: Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu allra þeirra sem kosningarrétt hafa við kosningar til Alþingis um það hvort Ísland eigi að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Atkvæðagreiðslan fari fram eigi síðar en í maí 2009. Ísland skal óska eftir viðræðum um aðild að sambandinu ef niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er á þann veg. Náist samkomulag um inngöngu Íslands í Evrópusambandið skal aðildarsamningurinn borinn undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem varpað er fram þeirri spurningu hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin, að höfðu samráði við fulltrúa allra þingflokka, hlutist til um að settar verði reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar sem tryggji að niðurstaða hennar verði marktæk. Loks gerir tillagan ráð fyrir að ákvörðun um inngöngu í sambandið hvíli hjá þjóðinni.

Stjórnarskrá Lýðveldisins byggist á því grundvallarviðhorfi að uppruni ríkisvaldsins liggi hjá þjóðinni og standa ákvæði hennar ekki í vegi fyrir því að Alþingi vísi jafn viðamiklu máli og hér um ræðir til þjóðaratkvæðis. Almennigur á að fá tækifæri til að taka afstöðu til þeirra grundvallarspurninga sem eru samfara hugsanlegri Evrópusambandsaðild.

Ríkisstjórnarflokkarnir virðast þrátt fyrir mikla umræðu ekki geta komið sér saman um hvort hagsmunum Íslands sé betur borgið innan eða utan sambandsins en miklu skiptir fyrir efnahagslega velferð þjóðarinnar að úr þessu verði skorið sem allra fyrst. Innan annarra stjórnsmálaflokka á Íslandi eru jafnframt uppi ólíkar skoðanir um aðild að Evrópusambandinu. Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu er því leið sátta í þessu mikilvæga máli og mun jafnframt leiða til markvissari og upplýstari umræðu um kosti og galla aðildar að sambandinu.

Verði niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu á þá leið að Íslandi beri að sækja um aðild að Evrópusambandinu verður sitjandi ríkisstjórn og Alþingi að leggja mat sitt á hvort breyta þurfi stjórnarskránni meðan á aðildarviðræðunum stendur. Sumir hafa haldið því fram að þörf sé á því til að styrkja lagagrundvöll aðildarinnar og jafnvel til að tryggja einstök samningsmarkmið Íslands. Komist á samningur í framhaldi af aðildarviðræðum þarf með hliðsjón af 21. gr. stjórnarskrár að bera hann undir Alþingi sem í samræmi við ályktun þessa yrði að taka afstöðu til fullgildingar eftir að hafa vísað málinu til þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar.

Mikilvægt er að vídeigandi aðilar hins opinbera og aðrir sérfróðir aðilar beiti sér fyrir upplýstri umræðu um Evrópumál í aðdraganda þeirra þjóðaratkvæðagreiðslna sem tillagan mælir fyrir um.

Í því efnahagsástandi og alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem Ísland býr við er nauðsynlegt að fá hið fyrsta, og ekki síðar en í maí 2009, úr því skorið hvort íslenska þjóðin sé reiðubúin að hefja viðræður við Evrópusambandið með aðild í huga. Ef þjóðin verður því samþykkt fæst úr því skorið í eitt skipti fyrir öll, með aðildarviðræðum, hvaða markmiðum og ávinningi Ísland gæti náð með aðild að sambandi hinna 27 fullvalda Evrópuríkja. Ef þjóðin synjar slíkum viðræðum geta stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og almenningur einhent sér í það, með fullri samstöðu allra aðila, að þróa íslenskt samfélag og efnahagsumhverfi áfram út frá þeirri stöðu sem þá blasir við.